



Jafnréttisnefnd Blönduóssbæjar FUNDUR – 27.apríl 2005

Fundur haldinn í jafnréttisnefnd Blönduóssbæjar miðvikudaginn 27.apríl kl. 17:00 á veitingahúsinu Við Árbakkann

Mættir samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Kosningar.
2. Landsfundur jafnréttisnefndar.
3. Undirbúningur fyrir veitingu jafnréttisverðlauna.
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Kosið í stöður í nefndinni vegna nýs meirihluta í bæjarstjórn. Nína Margrét var kosin formaður. Samþykkt var að Ásta Þórisdóttir yrði áfram varaformaður. Jófríður Jónsdóttir kosin ritari.
2. Fundarmenn eru sammála um að mikilvægt sé að senda fulltrúa á Landsfund jafnréttismála en óljóst er hver komist. Formanni falið að athuga hjá varamönnum.
3. Samþykkt var að auglýsa í næsta glugga eftir tilnefningu til jafnréttisverðlauna og að hafa frest til tilnefninga til 18. maí nk. Næsti fundur verður haldinn þegar fresturinn verður útrunninn.
4. Nokkrar umræður urðu um hvað myndi helst vekja athygli fólks á jafnréttismálum á Blönduósi.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Jófríður Jónsdóttir
Páll Ingbór Kristinsson
Nína Margrét Pálmadóttir